

Flóahreppur
Þingborg
801 Selfoss



Austurvegur 64 800 Selfoss
Sími: 530 4800 - Fax: 530 4801
mast@mast.is www.mast.is

Selfoss, 6. september 2010
Tilvísun: Mast10060753/4.2.1

Efni: Ákvörðun um samræmingu á smalamenskum og slátrun fjár sem smithætta kann að stafa af

1. gr.

Smalamenskur skal samræma á svæðunum milli Ölfusár, Hvítár og Þjórsár til að hámarka heimtur. Þannig skulu afréttir á svæðinu t.d. vera smalaðir samhliða.

2. gr.

Aðskilja skal fé á afrétti eftir heimaréttum sé þess kostur¹. Fé skal draga í sundur við Helgaskála og fjallkóngar skulu tilkynna Matvælastofnun um fjölda kinda sem ekki eiga Hrunarétt sem heimarétt. Tryggja skal að fé þetta renni ekki aftur á milli afrétta t.d. með gerði fyrir austan Stóru-Laxá eða keyra féð í burtu. Fjallkóngar skulu tryggja að númer þeirra kinda séu skráð og afhenda Matvælastofnun sem tilkynnir eigendum fjárins um númerin.

3. gr.

Öllu fé sem fram kemur í réttum, sem ekki teljast heimaréttir þess fjár, skal slátra.

Þó er heimilt að taka slíkt fé heim ef um er að ræða fyrstu réttir og þetta er í fyrsta skipti sem kindin kemur fram utan sinnar heimaréttar². Skylt er að skrá niður númer á slíkum kindum og skulu réttarstjórar tryggja að númer séu skráð og afhenda Matvælastofnun.

4. gr.

Kindur sem fram koma í smalamenskum á bæjum fjarri sínum heimahögum skal slátra sé það mat Matvælastofnunar að slíkt sé nauðsynlegt.

5. gr.

Fjallkóngum og réttarstjórum ber að tryggja slátrun á því fé sem á að slátra í samræmi við ákvörðun þessa. Eigendur þess sauðfjár sem fellur undir 2. mgr. 3. gr. ber að upplýsa fjallkóng eða réttarstjóra komi sömu kindur aftur fram utan sinnar heimaréttar þar sem skylt er að slátra þeim skv. ákvörðun þessari. Skylt er að láta flytja fé sem á að slátra skv. ákvörðun þessari, rakleiðis í sláturhús.

6. gr.

Fé sem er slátrað í samræmi við þessa ákvörðun skal bætt eins og um línubrjóta sé að ræða.


7. gr.

Brot á ákvörðun þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 30. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

¹ Heimaréttir: Hrunaréttir eru heimaréttir þeirra sem reka á Hrunamannaafrétt. Skaftholts- og Reykjaréttir eru heimaréttir þeirra sem reka á Gnúpverjaafrétt og Flóa- og Skeiðamannaafrétt.

² Fyrstu réttir: Réttir sem haldnar eru eftir fyrstu afréttasmölun að hausti.

F. n. Matvælastofnunar,



Katrín H. Andrésdóttir